

Minnisblað

1604030 - Vatnsútflutningur

Undanfarna mánuði hafa aðilar haft samband við Hafnarfjarðarbæ vegna vatnsútflutnings. Óskað hefur verið eftir því við Hafnarfjarðarbæ að fá viljayfirlýsingu og/eða samning þar sem þeim sé tryggt tiltekið magn af vatni sem að væri til ráðstöfunar á tiltekinni lóð þar sem áhugi er á að reisa hús sem yrði notað í áðurnefndum tilgangi. Í tengslum við það kemur til skoðunar möguleg ábyrgð og skyldur sem bærinn er með því að taka á sig varðandi afhendingu á tilteknu magni. Hafa þarf í huga að vatn á höfuðborgarsvæðinu er takmörkuð auðlind og vísast þar til úrskurðar Orkustofnunar á síðasta ári.

Í lögum nr. 32/2004 er rekstur vatnsveitu skylduverkefni sveitarfélags. Það verður að útvega vatn, ef leyfð er bygging húss. Á fasteignamat hússins leggjast gjöld, þ.m.t. vatnsgjald og ef fyrirtækið notar vatn til annars en heimilisþarfa er heimilt að leggja á notkunargjald sem ákvarðað er með löggiltum vatnsmæli. Um 100 slíkir notendur eru í Hafnarfirði nú þegar.

Ef mikil brögð verða að því að fyrirtæki flytji vatn út á þann hátt sem verið hefur (í gámum) er nauðsynlegt að taka upp í gjaldskrá sérstaka greiðslu til Vatnsveitu Hafnarfjarðar, þar sem að ekki er um heimilisnotkun að ræða og ekki iðnaðarnot til framleiðslu á vöru innan mannvirkisins eða lóðarinnar. Þessi túlkun er hinsvegar ekki skýr í lögum. Hins vegar er alveg skýrt að Vatnsveita Hafnarfjarðar getur hindrað sóun vatns og hefur heimildir til að grípa inn í ef notkun aðila fer úr böndum. Hvað þetta atriði snertir er rétt að nefna hliðstæðu, sem að er vatnssala Hafnarfjarðarhafnar um borð í skip, en skip eru augljóslega undanþegin fasteignasköttum, þótt þau greiði hafnargjöld en þau gjöld eru af allt öðrum stofni.

Ein leið í málinu, sem líklega er sú einfaldasta, er að Hafnarfjarðarbær ábyrgist ekki tiltekið magn af vatni til útflutningsaðila en geti hins vegar gefið tæknilegar upplýsingar um afkastagetu Vatnsveitu Hafnarfjarðar á tilteknum lóðum þar sem útflutningsaðilar eru eða munu verða með starfsemi sína.

Lagt er til að umhverfis- og framkvæmdaráð geri tillögu að gjaldskrá vegna vatns til útflutnings og að hún verði tilbúin til afgreiðslu í bæjarstjórn í september. Sömuleiðis að ráðið móti ramma að samningum við aðila sem vilja hefja slíkan útflutning.

Hafnarfirði 4. maí 2016
Kristján Sturluson
sviðsstjóri stjórnslusviðs